

Fundarnúmer:	524
Dagsetning:	07.01.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Erindi Hrannars B. Haraldssonar, Stefáns Grétarssonar, Sverris Sigurðssonar og Sigurðar Björnssonar.
3. Bréf Umhverfisstofnunar v/ endurgreiðslna fyrir minka- og refaveiði.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um hálkuvarnir á götum, göngustígum og gangstéttum. Forstöðumanni tæknideildar falið að fara yfir atriði í því sambandi með forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins. Sveitarstjóri greindi frá viðræðum sínum við Hrein Eggertsson um leigu og kaup á húsnæði fyrir áhaldahús sveitarfélagsins að Búlandi 3 á Hvammstanga. Vegna þessa lagði Guðmundur Erlendsson, verkstjóri áhaldahúss fram bréf til sveitarstjórnar þar sem hann gerir athugasemdir við feril málsins. Heimir Ágústsson lagði fram eftirfarandi bókun. “Undirritaður mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem við voru höfð við kaup á húsi fyrir þjónustumiðstöð fyrir tæpar 20 milljónir. Ekkert samráð var haft við fulltrúa T- lista um verðið né lagt fyrir byggðarráð”.
2. Fram lagt erindi Hrannars B. Haraldssonar, Stefáns Grétarssonar, Sverris Sigurðssonar og Sigurðar Björnssonar þar sem þeir óska eftir lóð undir iðnaðarhúsnæði austan Norðurbrautar vestan við Sláturhús KVH ehf. Byggðarráð samþykkir að boða bréfitara til viðræðna á næsta fund byggðarráðs. Erindinu vísað til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
3. Bréf Umhverfisstofnunar lagt fram , en þar er gerð grein fyrir endurgreiðslum vegna minka- og refaveiða.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Byggðarráð samþykkir að næsta fundi byggðarráðs sem vera átti þann 14. janúar nk. verði frestað til 15. janúar nk. Fundinum er frestað vegna undirritunar Vaxtarsamnings fyrir Norðurland vestra sem fram fer á Sauðárkróki 14. janúar nk. kl. 10:00.
5. Atvinnumál. Formaður byggðarráðs greindi frá skipan nefndar sem ætlað er að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra. Nefndin er skipuð að beiðni fulltrúa Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Nefndinni er meðal annars ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til Norðurlands vestra. Byggðarráð samþykkir að boða til íbúafundar um atvinnumál í Húnaþingi vestra um miðjan janúar.
6. Rætt um möguleika á flutningi félagsmiðstöðvar á jarðhæð Félagsheimilisins á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að leita álits menningar- og tómsundaráðs á þeirri hugmynd.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:20

Þ. Karl Eggertsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).